


# Alls konar um



Þí dagurinn var fyrst haldinn hátíðlegur í San Francisco árið 1988.



Þí er óræð tala


$$F = r^2 \cdot \pi$$

Vissir þú... að Albert Einstein fæddist þennan dag árið 1879.




Þí er hlutfallið milli ummáls og þvermáls hrings.

Þí dagurinn er haldinn 14. mars árlega.



Fyrstu hundrað aukastafir þí eru: 3,1415926535  
8979323846 2643383279 5028841971 6939937510  
5820974944 5923078164 0628620899 8628034825  
3421170679



1

Vissir þú... að talan 1 kemur oftast fyrir í fyrstu hundraðþúsund aukastöfum þí eða 10.137 sinnum!



Táknið fyrir töluna þí er gríski lágstafurinn  $\pi$  sem er einmitt fyrsti stafurinn í gríska orðinu περιμετρος (perimetros) og þýðir ummál.

Mörgum finnst gaman að reyna að leggja á minnið eins marga aukastafi þí og þeir geta. Á veraldarvefnum má finna margar leiðir til að læra að muna aukastafi þí.

Rajveer Meena frá Indlandi á heimsmetið í þessari grein, samkvæmt Guinness, en hann náði að þylja upp 70.000 aukastafi 21. mars 2015. Það tók hann tæpar 10 klukkustundir!

Þann 19. ágúst 2021 náðu svissneskir vísindamenn að reikna út 62.831.853.071.796 aukastafi fyrir þí!

